

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum á beitukóngi á Breiðafirði.

#### 1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir að stundaðar séu veiðar á beitukóngi sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofnsins á veiðisvæðum á Breiðafirði.

#### 2. gr.

Frá og með 24. ágúst 2023 eru allar veiðar á beitukóngi óheimilar á veiðisvæðum á Breiðafirði, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2019 um veiðar á beitukóngi í gildrum.

Suðursvæði, afmarkast af línu fyrir sunnan  $65^{\circ}15'N$  og vestan við  $22^{\circ}30'V$ .

Norðursvæði, afmarkast af línu fyrir norðan  $65^{\circ}15'N$ .

#### 3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 15.-21. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 9. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Reglugerðin öðlast gildi 24. ágúst 2023 og fellur úr gildi 31. ágúst 2023.

*Matvælaráðuneytinu, 23. ágúst 2023.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*